



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 139/645
komudagur 2.12.2010

Alþingi
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30.11.2010
Tilvísun: 201011-0041

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (breyting ýmissa laga), 200. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (breyting ýmissa laga), 200. mál.

Alþýðusamband Íslands vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

- Við gerð Stöðugleikasáttmálans var við það miðað hlutdeild tekjuöflunar í aðgerðum til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum yrði ekki of mikil eða eins og segir í sáttmálanum: „Í ljósi þess að tekjustofnar ríkisins dragast mikið saman er mikilvægt að hlutdeild tekjuöflunar í aðgerðunum verði ekki of mikil. Skattar verði lækkandi hlutfall aðlögunaraðgerða eftir yfirstandandi ár og ekki samtals hærra en 45% þeirra fyrir árin 2009-2011.“ Ljóst er að þrátt fyrir að ný tekjuöflun er minni í frumvarpinu en var í samsvarandi frumvarpi fyrir ári þá er hlutfall tekjuöflunar komið langt yfir 45%. Slíkt hægir á efnahagsbatanum og eykur á atvinnuleysi á almennum vinnumarkaði þar sem atvinnuleysið er mest.
- Samkvæmt samkomulagi við fyrri ríkisstjórnir átti að draga úr skattbyrði lágtekjufólks með því að hækka persónuafslátt um 4.000 kr. nú um áramótin. Verðlagshækkun átti að skila um 1.000 kr. hækkun og sérstök hækkun upp á 3.000 kr. átti að koma þar til viðbótar. Þetta er sérstaklega alvarlegt nú þegar áhrif kreppunnar eru farin að bitna þungt á lágtekjufólki.
- Áætluð verðlagsáhrif frumvarpsins eru 0,2%. Ætla má að slík hækkun á vísitölu neysluverðs hækkar verðtryggðar skuldir heimilanna um 2,4 milljarða.
- Lagt er til að grunnfjárhæðir almannatrygginga hækki ekki í samræmi við verðlag. Gangi þetta eftir þá verður það þriðja árið í röð sem bætur almannatrygginga hækka ekki í samræmi við verðlag. Þetta bitnar illa á verst settu lífeyrisþegum landsins. Slík ráðstöfun er sérstaklega bagalegt þegar það er haft í huga að ríkið ábyrgist að greiðslur til þeirra lífeyrisþega sem best eru settir hækki í gegnum framlög til LSR.
- Í greinargerð frumvarpsins er fjallað um skerðingar sem snúa að útgjaldahlíð fjárlagafrumvarpsins vegna þess hve samtvinnaðar barna- og vaxtabætur eru tekjuskattskerfinu. ASÍ vill taka eftirfarandi fram varðandi barna- og vaxtabætur.



- ASÍ treystir því að ásættanleg niðurstaða náist í því að efla vaxtabótakerfið í þeim tillögum sem ríkisstjórnin vinnur að til lausnar á skulda- og greiðsluvanda heimilanna.
 - Mikilvægt er að styðja við bakið á ungu barnafólki við núverandi aðstæður. Það er því með öllu óásættanlegt að skerða barnabætur. ASÍ telur þó að til greina komi að auka tekjujöfnun innan barnabótakerfisins.
- Í greinargerð frumvarpsins er alvarleg staðreyndarvilla. Sagt er að tillögur frumvarpsins muni lækka ráðstöfunartekjur heimilanna um 0,5%. Er þá horft til skattahækkana og skerðinga á bótum sem samanlagt er talið að rýrir ráðstöfunartekjurnar um 8,7 milljarða. Frá þeirri upphæð eru dregnir 6 milljarðar sem er áætlað að heimilin muni taka út úr séreignarlífeyrissparnaði. Þetta er fráleit nálgun. Það að ganga á eignir eykur ekki tekjur. Því má áætla að frumvarpið skerði ráðstöfunartekjur heimilanna um 1%.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ